

Stjórn málaályktun 45. landsfundar

Sjálfstæðisflokksins 2025

- 1
2
3
- 4 Frelsi og ábyrgð einstaklingsins, mannréttindi og jafnræði, eru hornsteinar stefnu Sjálfstæðisflokksins.
5 Góð lífskjör og jafnrétti byggja á jöfnum tækifærum, menntun og fjárhagslegu sjálfstæði einstaklinga,
6 aðgangi að öruggri orku, traustum samgöngum og fjarskiptum og einföldum en skýrum leikreglum.
7 Atvinnufrelsi og eignarréttur eru órjúfanlegur hluti frjáls samfélags. Gott samfélag byggir á frelsi til
8 athafna og tjáningar óháð stöðu, stétt eða uppruna, sem og skilvirkri velferðarþjónustu og öflugu lista-
9 og menningarlífi.
- 10 Standa þarf vörð um fullveldi og efnahagslegt sjálfstæði Íslands. Við byggjum tilveru okkar, lífskjör
11 og lífsgæði á að leikreglur alþjóðasamfélagsins séu virtar og að viðskipti milli landa séu frjáls og án
12 hindrana.
- 13 Aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna, sem og gott samstarf
14 við Bretland, Norðurlöndin, Kanada og Evrópusambandið (ESB), eru mikilvæg til að tryggja öryggi
15 landsins.
- 16 Íslendingar þurfa að taka aukna ábyrgð á eigin vörnum. Skipulagsvald yfir landi sem notað er til
17 varnarmála og reksturs alþjóðaflugvalla skal vera á forræði ríkisins. Efla þarf Landhelgisgæsluna og
18 borgaralega löggæslu og sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi í landinu.
- 19 Tryggja þarf birgðastöðu mikilvægara aðfanga og efla innlenda matvælaframleiðslu. Til að flutningar
20 við útlönd rofni ekki er mikilvægt að skráning íslenskra loftfara og kaupskipa sé innanlands.
- 21 Sjálfstæðisflokkurinn áréttar þá stefnu sína að hag þjóðarinnar og yfirráðum yfir auðlindum sé best
22 borgið utan ESB.
- 23 Árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu er harðlega fordæmt. Mikilvægt er að friði verði komið á og að
24 réttur Úkraínu sem fullvalda ríki verði virtur í hvítetna við gerð friðarsamninga.
- 25 Öflugt atvinnulíf er forsenda framfara og undirstaða velferðar. Mikilvægt er að opinberar skuldir séu
26 hóflegar og lántökur hins opinbera takmarkist við fjármögnun innviða sem skila samfélaginu arðsemi.
27 Óásættanlegt er að eldri kynslóðir velti skuldum sínum yfir á herðar komandi kynslóða.
- 28 Draga þarf úr opinberum umsvifum í hagkerfinu, með aukinni hagræðingu og sameiningu stofnana
29 samhliða fækkun stöðugilda og einföldun ferla, sem og með sölu fyrirtækja í samkeppnisrekstri, jarða
30 og húsnæðis. Söluandvirði eigna skal varið til lækkunar skulda.
- 31 Afnema ætti ríkisstyrki til stjórn málaaflokka.
- 32 Skattaumhverfið þarf að vera einfalt, sanngjarnt og skilvirkt. Skattar mega ekki letja fólk til athafna
33 og verðmætasköpunar. Því skal lækka og einfalda tekjuskatt einstaklinga, sem og lækka
34 fjármagnstekjuskatt. Afnema ber stimpilgjald og séríslenska skatta á fjármálaþjónustu með það að
35 markmiði að bæta vaxtakjör heimila og fyrirtækja. Lækka þarf virðisaukaskatt og einfalda
36 virðisaukaskattskerfið.
- 37 Alla löggjöf og reglugerðir sem byggja á EES-samningnum ber að „afgullhúða“.
- 38 Einfalda þarf og auka skilvirkni við opinberar leyfisveitingar og fækka kröfum um skýrslugjöf
39 atvinnulífsins til eftirlitsaðila. Afnema skal skyldu um jafnlaunavottun.
- 40 Mikilvægt er að halda áfram að efla umhverfi fyrir nýsköpun í atvinnulífinu sem
41 Sjálfstæðisflokkurinn hefur átt mestan þátt í að móta.

42 Launahækkanir verða að byggja á aukinni framleiðni svo þær skili sér í raunverulegum kjarabótum til
43 launafólks. Hið opinbera á ekki að leiða launaþróun í landinu. Færa skal réttindi opinberra
44 starfsmanna til samræmis við þau réttindi sem gilda á almennum vinnumarkaði. Virða á félagafrelsi
45 og auðvelda fólki að velja hvort og hvaða stéttarfélagi það vill tilheyra.

46 Aðgengi að öruggri og hagkvæmri orku er forsenda bættra líf skjara. Ákvarðanir og aðgerðir varðandi
47 nýtingu og vernd náttúrunnar skulu teknar með sjálfbærni og framtíðarafkomu þjóðarinnar að
48 leiðarljósi. Sækja þarf fram í aukinni orkuöflun og styrkja flutningskerfi raforku svo að unnt verði að
49 skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir græna orkugjafa á hagkvæman hátt.

50 Endurskoða þarf alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í umhverfis- og loftslagsmálum þannig að þær
51 taki mið af því hve hátt hlutfall orkunotkunar í landinu er nú þegar umhverfisvænt.

52 Innviðaskuld í samgöngumálum hefur farið stöðugt vaxandi. Viðhald þjóðvega víða um land þolir
53 enga bið, en þeir eru gríðarlega mikilvægur hlekkur í virðisæðju atvinnulífsins. Draga verður úr
54 umferðartöfum á höfuðborgarsvæðinu, en þar má einn samgöngumáti ekki þrengja að öðrum.

55 Reykjavíkurlflugvöllur er og verður miðstöð sjúkra-, kennslu- og innanlandsflugs næstu áratugi og því
56 mikilvægt að tryggja flugöryggi hans, sem og uppbyggingu annarra alþjóðaflugvalla landsins.

57 Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á séreignastefnu í húsnæðismálum um leið og stuðla þarf að
58 fjölbreyttum og hagkvæmum úrræðum á leigumarkaði fyrir alla. Mikilvægt er að skipulagsyfyrirvöld
59 sveitarfélaganna tryggi framboð byggingarlands fyrir fjölbreyttar tegundir íbúðarhúsnæðis.

60 Íslenskir grunnskólar eiga að vera í fremstu röð og byggja þannig undir samkeppnishæfni þjóðarinnar.
61 Nota þarf bestu og gagnreyndustu aðferðir sem þekkjast í skólastarfi, vinna nýja aðalnámsskrá og taka
62 upp samræmdar mælingar. Sérstaklega þarf að bæta aðlögun og stuðning við nemendur með erlent
63 móðurmál, m.a. með því að koma á fót móttökudeildum fyrir börn af erlendum uppruna.

64 Skoða þarf reynsluna af skóla án aðgreiningar og meta hvort gera þurfi breytingar þar á.

65 Tryggja verður að sjálfstætt reknir leikskólar og aðrar menntastofnanir hafi sömu réttindi og opinberar
66 til endurgreiðslu virðisaukaskatts.

67 Auka þarf skilvirkni í heildarþjónustu við fötluð börn og foreldra þeirra.

68 Aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast og nauðsynlegt er að gera fólki kleift að starfa lengur en
69 til sjötugs, kjósi það svo og hafi til þess getu. Þá skal hækka lífeyrisaldur í hóflegum skrefum á næstu
70 árum.

71 Mikilvægt er að eldra fólki sé gert kleift að búa sem lengst í eigin húsnæði. Samþætta þarf
72 heimahjúkrun, félags- og tómsundarþjónustu og heilsutengdar forvarnir aldraðra. Auka þarf
73 fjölbreytileika búsetuforms, en einnig tryggja aðgengi að hjúkrunarheimilum þegar sjálfstæð búseta er
74 ekki lengur möguleg. Hækka þarf frítekjumark atvinnutekna.

75 Efla þarf starfsemi heilsugæslunnar um land allt.

76 Tryggja þarf öflugan rekstur helstu spítala landsins, auka rekstrarhagkvæmni þeirra og útvista
77 tilteknum aðgerðum til einkarekinna heilbrigðisþjónustuaðila. Leggja þarf aukna áherslu á nýsköpun
78 og fjölbreytt rekstrarform með sjálfstætt starfandi heilsugæslum og annarri heilbrigðisþjónustu með
79 áherslu á skýrar gæðakröfur og skilvirkni samhliða jafnræði í greiðslum óháð rekstrarformi. Fjármagn
80 skal fylgja sjúklingi.

81 Efla ber einkarekna fjölmiðlun í landinu. Til þess þarf að endurskoða forsendur og umfang RÚV með
82 það að markmiði að hætta samkeppnisrekstri og draga RÚV af auglýsingamarkaði. Samhliða skal
83 afnema ríkisstyrki til fjölmiðla. Greiðendum útvarpsgjalds skal heimilt að ráðstafa hluta þess til þeirra
84 fjölmiðla sem þeir kjósa. Leggja skal niður fjölmiðlanefnd.

85 Ríkið má ekki velta skyldum yfir á sveitarfélögin með lagasetningu án þess að fjármagn fylgi.
86 Sveitarfélög skulu fá sanngjarna hlutdeild af þeim skattstofnum sem verða til í heimabyggð þannig að
87 þau geti staðið undir nauðsynlegri uppbyggingu í þágu íbúa sinna. Standa þarf vörð um sjálfstæði
88 sveitarfélaga til að ákveða álagningarhlutfall útsvars og fasteignaskatts.

89 Sveitarstjórnnum skal í sjálfsvald sett að ákveða fjölda aðalmanna í sveitarstjórn innan þeirra einu
90 marka að fulltrúarnir verði aldrei færri en þrír.

91 Stjórnarskrá lýðveldisins hefur þjónað hlutverki sínu vel. Hyggja þarf af yfirvegun og varkárni að
92 breytingum á henni.

93 Gæta þarf meðalhófs í samskiptum ríkisvaldsins við borgarana og afnema hvers konar forréttindi:
94 • Afnema ber forréttindi opinberra starfsmanna til að snúa aftur til fyrri starfa eftir að hafa
95 gengt opinberu embætti.
96 • Afnema skal heimildir lægra setts stjórnvalds til að kæra niðurstöðu æðra setts stjórnvalds til
97 dómstóla.
98 • Einstaklingur má ekki hafa stöðu sakbornings við rannsókn sakamáls í lengri tíma en eitt ár.

99 Styðja skal betur við aðlögun fólks af erlendu bergi brotnu að íslensku samfélagi og efla þarf
100 íslenskukennslu barna og fullorðinna.

101 Aðlaga ber regluverk varðandi hælisleitendur að því regluverki sem gildir í nágrennalöndum okkar.
102 Koma ber upp móttöku- og brottfararúrræðum fyrir hælisleitendur.

103 Dómstólum skal heimilt að svipta einstakling af erlendum uppruna áður veittan íslenskan
104 ríkisborgararétt hafi hans verið aflað á röngum forsendum ellegar að viðkomandi hafi gerst sekur um
105 alvarlegt brot á hegningarlögum. Þó skal þess gætt að enginn verði ríkisfangslaus.

106 ***

107 Sjálfstæðisstefnan byggir á trú á frelsi, framtaki, áræðni og ábyrgð einstaklinga, umburðarlyndi
108 gagnvart ólíkum lífsviðhorfum og lífsháttum með áherslu á sameiginlega hagsmuni ólíkra
109 þjóðfélagshópa. Sjálfstæðisflokkurinn hafnar því að ríkisvaldið geti eða eigi að leysa öll mannleg
110 viðfangsefni. Með því að virkja krafta einstaklinganna er lagður grunnur að þjóðfélagi frelsis og
111 hagsældar.